



Reykjavík 21. maí 2024

## **Efni: Þróttur mun ekki gefa íþróttasvæði barna eftir undir skólalóð**

Á fundi Skóla- og frístundaráðs borgarinnar, sem fram fór 13. mars sl., lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata til endurskoðun á fyrri ákvörðun borgarinnar um viðbyggingar við skóla í Laugardalnum.<sup>1</sup> Vilja fulltrúar falla frá fyrri áformum og byggja þess í stað einn unglingaskóla, svokölluð sviðsmynd 4 í skýrslu starfshóps um undirbúning framkvæmda, dags. í nóvember 2023.<sup>2</sup> Í þeirri sviðsmynd er kveðið á um uppbyggingu unglingaskóla í Laugardalnum og koma þrjár lóðir til greina samkvæmt skýrslunni. Lóð nr. 1 í umræddri skýrslu er Þríhyrningurinn en sú lóð er og verður á íþróttasvæði Þróttar samkvæmt samkomulagi félagsins við borgina frá 1996.

Í ljósi framangreinds hefur laganefnd Þróttar farið yfir samkomulag félagsins við borgina. Telur laganefndin ljóst að tillaga að staðsetningu unglingaskóla milli gervigrasvallar og skautahallarinnar byggir á þeirri röngu forsendu að umrætt svæði, þ.e. Þríhyrningurinn, sé við hlið íþróttasvæðis Þróttar en ekki á íþróttasvæði félagsins. Með samningi Þróttar og Reykjavíkurborgar frá 12. desember 1996, um flutning félagsins úr Sæviðarsundi yfir í Laugardal, lét Reykjavíkurborg Þrótti í té afnota af tilgreindum svæðum, þar á meðal svæðinu milli gervigrasvallar og Skautahallar, þ.e. Þríhyrningi. Samkvæmt samningnum skal Þróttur hafa afnot af þeim svæðum sem um ræðir svo lengi sem félagið starfar í Laugardal. Ekkert í samningi aðila heimilrar Reykjavíkurborg einhliða að taka til sín svæði sem látin voru Þrótti í té. Þríhyrningurinn er því og verður hluti af íþróttasvæði Þróttar.

Vill aðalstjórn Þróttar því hér með koma því á framfæri að ekkert samráð hefur verið haft við félagið um umrædd áform borgarinnar og komu þau félaginu í opna skjöldu. Það kemur ekki til greina af hálfu félagsins að gefa umrætt íþróttasvæði eftir enda gegnir það veigamiklu hlutverki í starfsemi þess. Þarna fara m.a. fram stórir viðburðir á borð við ReyCup og önnur knattspyrnumót sem gerir Þrótti kleift að halda rekstri sínum gangandi. Þróttur mun því ekki að óbreyttu gefa íþróttasvæði sitt eftir undir skólalóð.

Aðalstjórn Þróttar

<sup>1</sup> <https://reykjavik.is/fundargerdir/skola-og-fristundarad-fundur-nr-273>

<sup>2</sup> [https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/273\\_16.4\\_Sk%C3%B3lar%20%C3%AD%20Laugardal%2023112023\\_0.pdf](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/273_16.4_Sk%C3%B3lar%20%C3%AD%20Laugardal%2023112023_0.pdf)